

B-saga

Forsaga

Galdrakarlinn kemur fljúgandi og úthellir reiði sinni:

Ohh, ég er í svo vondu skapi!
Mig langar til að gera eitthvað verulega vont!
Hvað á ég að gera? Aha, nú veit ég! Ég ætla að stela öllum blómumum og læsa þau inni í kastalanum mínum!

Abrakadabra! Bimmsalabimm! Nú færi ég þetta í kastalann minn!

Og strax voru

- allar rósirnar
- allir fíflarnir
- allar páskaflúrarnar
- allar lúpínurnar
- allar fjólurnar
- allar bláklukkurnar
- allar sóleyjarnar
- allir túlipanarnir
- öll sólblómin
- allar baldursbrárnar

á bak við lás og slá í kastala galdrakarlsins.

Kennarinn tekur blómaspjöldin og festir þau á kastala galdrakarlsins.

Aðalsaga

Einn fagran sumardag vaknaði _____ snemma. Hún flýtti sér að borða morgunmat svo að hún gæti komist út í garð að leika sér. En hvað var nú þetta? Þegar hún kom út í garð tók hún eftir því, að það var eitthvað öðruvísi en það var vant að vera. Svo sá hún hvað það var. Það vantaði öll blómin!

"Bzzzt!" Skyndilega kom býfluga fljúgandi, og _____ i til mikillar furðu fór hún að tala. "Bzzzt! Hjálp. Það kom vondur galdrakarllinn í nótt og tók öll blómin. Bzzzt! Hvað eigum við að gera?"

"Ég veit," sagði _____. "Við förum bara og fáum galdrakarlinn til að skila blómumum aftur!"

_____ og býflugan, sem hét Bína, héldu strax af stað til að finna kastala galdrakarlsins.

Þegar þau voru búin að ganga lengi, lengi, komu þau að hárrí hæð. Þau ætluðu að fara í kringum hana, en þá heyrðu þau að það var baulað eyndarlega uppi á henni: "Muuuuh".

"Bína, getur þú ekki flogið upp á hæðina og séð hver er að baula?" spurði _____, og Bína flaug strax af stað. Skömmu síðar kom hún til baka, mjög æst. "Bzzzt! Það er kýr uppi á hæðinni, og það hefur einhver bundið hana með böndum svo að hún getur varla hreyft sig."

"Við verðum að hjálpa henni!" sagði _____ strax, og byrjaði að klifra upp hæðina eins hratt og hún gat.

Brátt voru þau komin til kýrinnar og búin að leysa hana.

"Muuu! Þakka ykkur kærlega fyrir," sagði kýrin við þau. "Ég heiti Búkolla, og það voru tvær skessur sem stálu mér og skildu mig hérna eftir. Mig langar að launa ykkur fyrir hjálpina. _____, taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina." _____ var svolítið undrandi, en gerði þetta samt. Hvað ætlaðist Búkolla fyrir?"

Svo sagði Búkolla: "Legg ég svo á og mæli um, að hárið verði að töfrapoka, sem taka má úr hvað sem á þarf að halda."

_____ og Bína þökkðu fyrir töfrapokann og héldu för sinni áfram. Skömmu síðar komu þær að kastala galdrakarlsins.

Þótt _____ væri svolítið smeyk, bankaði hún á kastaladyrnar og galdrakarlinn kom til dyra.

"Hvað vilt þú, ormurinn þinn?" hreytti hann dónalega út úr sér.

(En vitið þið hvað gerðist þá?) Þá varð _____ svo reið, að hún var ekki lengur hrædd við galdrakarlinn: "Þú átt ekki að tala svona við mig. Ég er ekki neinn ormur heldur stelpa. Ég heiti _____, og ég kom til að fá þig til að skila aftur öllum blómunum sem þú tókst."

Galdrakarlinn hló illilega. "Ha, ha! Allt í lagi, en þá þarftu fyrst að leysa fyrir mig mjög erfiða þraut, sem ég er viss um að þú getur ekki. Þú þarft að láta mig hafa tíu hluti sem byrja á B, og í hvert sinn sem þú lætur mig hafa nýjan hlut, verðurðu að segja mér nafnið á því blómi, sem þú vilt fá til baka."

_____ brosti bara, og samþykkti strax þessi skilyrði. Hún vissi nefnilega, að hún gæti fengið hvað sem hún þyrfti úr pokanum sem Búkolla gaf henni, og að Bína býfluga þekkti öll blómin svo vel, að hún gæti örugglega hjálpað henni með blómanöfnin.

....

Nú var galdrakarlinn búinn að fá sína tíu hluti og búinn að skila öllum blómunum. Hann var svo hissa og reiður, að hann var orðinn alveg rauður í framan. "Krakkabjani!" hrópaði hann allt í einu. "Þetta er alveg óþolandi! Ég er að hugsa um að breyta þér í broddgölt - eða kannski blaðlús!" En áður en hann gæti lyft töfrasprotanum sínum var Bína býfluga búin að fljúga að honum og stinga hann beint í nefið!

"Æ, æ, æ" emjaði galdrakarlinn og missti töfrasprotann. "Ó, ó, ó! Aumingja nefið mitt!". Og svo þaut hann inn í kastalann sinn og skellti á eftir sér. En _____ og Bína býfluga gátu ekki annað en skellt upp úr af hlátri. Svo héldu þær heim á leið, ánægðar með vel unnið dagsverk.